



Þekkingarnet  
Þingeyinga

# MANNFJÖLDAÞRÓUN

Á STARFSSVÆÐI  
ÞEKkingARNETS ÞINGEYINGA

MARS 2011

Mars 2011

Þekkingarsetur Þingeyinga

*Forsíðumyndir:*

Efri til hægri: Bökunarnámskeið hjá Þekkingarneti Þingeyinga  
Efri til vinstri: Fyrirlestur Einars Sveinbjörnssonar um veðurfar við Skjálfanda  
Neðri til vinstri: Fjölmennit – leiklistarnámskeið  
Neðri til hægri: Kransagerð hjá Þekkingarneti Þingeyinga

*Ábyrgð/ritstjórn:*  
*Óli Halldórsson*

*Framkvæmd:*  
Aðalsteinn J. Halldórsson

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>SVEITARFÉLÖG</b> .....	<b>2</b>
SKÚTUSTADAHREPPUR .....	2
ÞINGEYJARSVEIT .....	3
NORÐURÞING .....	4
TJÖRNESHREPPUR .....	5
SVALBARÐSHREPPUR .....	6
LANGANESBYGGÐ .....	7
<b>BYGGÐAKJARNAR</b> .....	<b>8</b>
LAUGAR .....	8
REYKJAHLÍÐ .....	9
HÚSAVÍK .....	10
KÓPASKER .....	11
RAUFARHÖFN .....	12
ÞÓRSHÖFN .....	13
BAKKAFJÖRÐUR .....	14
<b>STARFSSVÆÐI ÞEKKINGARSNETSINS Í HEILD</b> .....	<b>15</b>
<b>LANDIÐ ALLT</b> .....	<b>16</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>17</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>19</b>

## INNGANGUR

Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Svæðið er stórt að flatarmáli, alls rúmlega 18 þúsund km<sup>2</sup> en fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en smærri þéttbýliskjarnar og landbúnaðarhéruð umhverfis.

Sameiningar sveitarfélaga undanfarin misseri gera erfiðara um vik að fylgjast með mannfjöldapróun á einstökum svæðum. Fólk er vant því að horfa á íbúafjölda eftir sveitarfélagamörkum, sem gerir samanburð milli ára erfiðari þegar þau mörk breytast.

Þetta er í fjórða skiptið sem Þekkingarnet Þingeyinga kannar mannfjöldapróun á þessu svæði. Árið 2010 var fyrst notast við íbúatölur frá 1. janúar í stað 1. desember. Sá háttur er einnig hafður á núna og mun áfram verða svoleiðis framvegis. Þessi breyting kemur til af breyttri tilhögun við birtingu gagna hjá Hagstofu Íslands.


Uppsetningin er einföld og myndræn. Fyrst er mynd sem sýnir íbúafjölda 1. janúar ár hvert frá 2002 til og með árinu 2011. Inni í þeirri mynd er svo tafla sem sýnir breytingu á íbúafjölda í prósentum á milli ára. Taka skal fram að á Y ás línuritanna er lægsta gildi ekki í öllum tilfellum 0. Seinni myndin er svo mannfjöldapíramídi sem sýnir skiptingu íbúanna eftir kyni og aldri eins og skiptingin var 1. janúar 2010. Körlum er skipt niður eftir aldursflokkum vinstra megin á myndunum og konur eru hægra megin. Yngstu aldursflokkarnir eru neðst á myndunum og þeir elstu efst.

Helstu niðurstöður eru raktar aftast í skýrslunni, en umfram allt eru þó tölurnar og myndirnar látnar tala sínu máli.


Allar heimildir eru fengnar af vef Hagstofu Íslands og byggja á tölum um mannfjölda 1. janúar 2011 sem gefnar eru út í marsmánuði 2011.

## SVEITARFÉLÖG

### Skútustaðahreppur




Mynd 1




Mynd 2

### Þingeyjarsveit




Mynd 3




Mynd 4

## Norðurþing




Mynd 5




Mynd 6

### Tjörneshreppur




Mynd 7




Mynd 8



## Svalbarðshreppur




Mynd 9




Mynd 10

### Langanesbyggð




Mynd 11




Mynd 12

## BYGGÐAKJARNAR

### Laugar




Mynd 13




Mynd 14

## Reykjahlíð




Mynd 15




Mynd 16

### Húsavík




Mynd 17




Mynd 18

## Kópasker




Mynd 19




Mynd 20

### Raufarhöfn




Mynd 21




Mynd 22

### Þórshöfn




Mynd 23




Mynd 24



### Bakkafjörður




Mynd 25




Mynd 26

## STARFSSVÆÐI ÞEKINGARNETSINS Í HEILD




Mynd 27




Mynd 28

Sveitarfélag	Breyting %	Breyting (einstaklingar)
Skútustaðahreppur	3,2%	12
Reykjahlíð	8,1%	14
Þingeyjarsveit	0,21%	2
Laugar	0%	0
Norðurþing	-0,72%	-21
Húsavík	0,36%	8
Kópasker	-4%	-5
Raufarhöfn	-10,6%	-23
Tjörneshreppur	1,79%	1
Svalbarðshreppur	-4,5%	-5
Langanesbyggð	-3,1%	-16
Þórshöfn	-3,55%	-14
Bakkafjörður	-4%	-3

## LANDIÐ ALLT



Mynd 29



Mynd 30

## **NIÐURSTÖÐUR**

### **Starfssvæðið í heild**

Ljóst er að íbúabróun í Þingeyjarsýslum og við Bakkaflóa var almennt neikvæð á árinu 2010, þó staðan sé misjöfn eftir svæðum. Árið 2010 fjölgaði íbúum landsins um 0,26% en á starfssvæði Þekkingarnetsins varð fækkun um 0,55%. Frá árinu 2002 til ársins 2011 hefur íbúum á landinu fjölgað um 10,01% en á sama tíma fækkað um 10,17% á starfssvæði Þekkingarnetsins.

### **Skútustaðahreppur**

Í fyrsta skipti síðan 2005 fjölgar íbúum í Skútustaðahreppi. Ólíkt 2005 þegar fjölgunin var einungis 0,2% þá er um meiri fjölgun að ræða eða 3,2% (12 einstaklinga). Engu að síður hefur fækkað um 17,1% í hreppnum síðan 2002.

### **Þingeyjarsveit**

Nokkur stöðugleiki virðist vera á íbúafjölda Þingeyjarsveitar. Það fjölgar í sveitarfélaginu um 0,21% (tveir einstaklingar) frá árinu 2010. Frá árinu 2006 hafa verið óverulegar breytingar og litlar sveiflur. Íbúum hefur samt fækkað um 7,1% síðan 2002, minnst allra sveitarfélaga á svæðinu.

### **Norðurþing**

Í Norðurþingi fækkaði á árinu eða um 0,72% (21 einstaklinga). Breytileiki var töluverður innan sveitarfélagsins þar sem mikil fækkun varð til dæmis á Raufarhöfn (-10,6%/23 einstaklingar) á meðan það fjölgaði í Þéttbýlinu á Húsavík (0,36%/átta einstaklingar). Frá árinu 2002 hefur fólki fækkað stöðugt í Norðurþingi, fyrir utan fjölgun milli árána 2008 og 2009. Alls hefur þessi fólksfækkun verið 12,01% frá 2002.

### **Tjörneshreppur**

Tjörneshreppur er meðal fámennustu sveitarfélaga landsins og því hefur lítið rót á fólki mikil áhrif á prósentumælingar. Í Tjörneshreppi fjölgaði um 1,79% á liðnu ári (einn einstaklingur). Þetta er í fyrsta skipti síðan 2002 sem ekki fækkar í Tjörneshreppi á milli ára. Fækkunin á tímabilinu 2002 til 2011 er 21,05%.

### **Svalbarðshreppur**

Íbúum Svalbarðshrepps fækkaði um 4,5% (fimm einstaklinga) á árinu 2010. Hreppurinn er fámennur svo prósentutölur eru töluvert breytilegar. Þetta þýðir að íbúum Svalbarðshrepps hefur fækkað um 13,2% frá árinu 2002. Íbúafjöldinn virðist þó vera í nokkru jafnvægi í nokkur ár. Þannig eru jafn margir íbúar í hreppnum núna og voru árið 2007.

### **Langanesbyggð**

Í Langanesbyggð fækkaði íbúum um 3,1% (16 einstaklinga). Þessi fækkun kemur í kjölfarið á tveimur árum sem fjölgaði í sveitarfélaginu. Íbúum Langanesbyggðar hefur fækkað næstminnst allra sveitarfélaga frá árinu 2002 eða um 9,31%.

## **Byggðakjarnar**

Ef sérstaklega er horft til hvers og eins íbúakjarna héraðsins má sjá töluverðan breytileika í íbúapróun.

Laugar í Þingeyjarsveit hafa sama íbúafjölda og árið 2010. Frá árinu 2002 hefur íbúum fjölgað um 27,27%. Fólksfækkun hefur þó orðið á Laugum síðustu þrjú ár. Frá og með árinu 2002 hafa þó einungis verið fleiri íbúar en nú á tveimur árunum.

Húsavík er langstærsti þéttbýliskjarni héraðsins með um tæpan helming allra íbúa svæðisins. Á Húsavík fjölgaði líflega á milli ára eða um 0,36%. Á Húsavík hefur fækkað um 7,51% frá árinu 2002.

Í Reykjahlíð í Mývatnssveit fjölgaði um 8,1% á árinu sem er mesta einstaka fjölgunin í þessari könnun. Engu að síður hefur fækkað í þorpinu um 12,83% síðan árið 2002.

Á Kópaskeri fækkaði íbúum um 4% síðan 2010. Á Kópaskeri hefur fækkað um 12,4% síðan 2002.

Á Bakkafirði fækkaði íbúum um 4% á síðan 2010 og um 38,5% frá árinu 2002.

Á Raufarhöfn fækkaði mikið á árinu eða um 10,6% síðan 2010. Á Raufarhöfn hefur fækkað um alls 55,15 % frá árinu 2002.

Á Þórshöfn fækkaði um 3,55% frá 2010. Á Þórshöfn hefur fjölgað um 1,1% síðan 2002.

## **Dregið saman**

Þrátt fyrir smávægilega fjölgun íbúa á stöku svæðum þá stendur eftir að áframhaldandi fólksfækkun er enn staðreynd. Þau svæði sem koma vel út í ár hafa lengi búið við fólksfækkun og vonandi verður áframhald á þeim viðsnúningi. Á öðrum svæðum þar sem jákvæð mannfjöldapróun hefur verið á síðustu einu til tveimur árum fækkar í ár. Vert er að nefna að enn verður Raufarhöfn fyrir miklu áfalli og nú eru íbúar þorpsins orðnir færri en 200 í fyrsta skipti í langan tíma.

## **HEIMILDIR**

Hagstofa Íslands, mars 2011. [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) > Mannfjöldi 1. janúar 2011. Sótt í mars 2011.